

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 67/2017

2018/EES/81/22

frá 17. mars 2017

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2236 frá 12. desember 2016 þar sem tilgreind eru tækniatriði viðhengisins fyrir árið 2018 um samþættingu vinnu og fjölskyldulífs⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 18av (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/8) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„18av. **32016 R 2236**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2236 frá 12. desember 2016 þar sem tilgreind eru tækniatriði viðhengisins fyrir árið 2018 um samþættingu vinnu og fjölskyldulífs (Stjútíð. ESB L 337, 13.12.2016, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/2236, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 337, 13.12.2016, bls. 6.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.